

HLuthafafundur í Sýn hf.

31. ágúst 2022

Miðvikudaginn 31. ágúst 2022 klukkan 10.00 árdegis er haldinn hluthafafundur hjá Sýn hf. í höfuðstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík.

Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður, setur fundinn. Lagði hann til að Kristinn Hallgrímsson hrl. myndi annast fundarstjórn. Tillagan var samþykkt og tók fundarstjóri við stjórn fundarins.

Fundarstjóri fór yfir boðun hluthafafundarins sem fram fer að beiðni Gavia Invest ehf. Fundarstjóri segir að boðun hafði farið fram með þeim hætti sem lög og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Fundurinn hafi verið auglýstur í Kauphöll og dagblöðum með þeim hætti sem áskilið væri. Hefðu auglýsingarnar verið með tilskyldum fresti samkvæmt samþykktum félagsins. Hlutaskrá félagsins liggur fyrir fundinum og samkvæmt henni er mætt fyrir 48 hluthafa sem hafa að baki sér 84,08% hlutfjár. Hluthafar gerðu ekki athugasemd við boðun fundarins eða lögmati hans að öðru leyti. Fundurinn skoðast því lögmætur.

Fundarstjóri gerði tillögu um Snorra Stefánsson, lögmann, sem fundarritara. Tillagan var samþykkt.

Að því búnu var gengið til dagskrár.

1. Tillaga Gavia Invest ehf. um að binda enda á kjörtímabil stjórnar

Fyrir fundinum lá tillaga Gavia Invest ehf. um að endi yrði bundinn á umboð stjórnar og að fram færi stjórnarkjör. Fundarstjóri gaf orðið laust um tillögu félagsins. Hjörleifur Pálsson, formaður stjórnar, bað um orðið. Sagði hann stjórn hafa hlotið mikinn stuðning á síðasta aðalfundi sem hefði farið fram sex mánuðum áður. Sagði hann framkvæmdastjórn vel skipaða, starfsmenn ánægða og hagnað vaxandi. Fór hann yfir umgjörð stjórnar félagsins, jafnræði hluthafa og mikilvægi góðra stjórnarháttanna. Með fyrirvara um það hvort umboð stjórnar yrði afturkallað þakkaði Hjörleifur fyrir samstarfið og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar.

Reynir Grétarson spurði fundarstjóra um þær reglur sem giltu um afturköllun umboðs stjórnar. Fundarstjóri fór yfir þær reglur sem í gildi eru. Höskuldur Eiríksson lýsti þeirri skoðun sinni að hann teldi heimilt að láta fara fram stjórnarkjör án þess að fram færi atkvæðisgreiðsla um afturköllun umboðs stjórnar. Fundarstjóri kvaðst ósammála því. Hjörleifur Pálsson tók til máls og sagði það ekki sjálfgefið eða í samræmi við sjónarmið um hluthafalýðræði að fram færi stjórnarkjör. Jón Skaptason kvaddi sér hljóðs og sagði það í samræmi við hluthafalög að ákveðinn minnihluti hluthafa gæti óskað eftir stjórnarkjöri. Fundarstjóri ítrekaði þann skilning sinn að hann teldi það ekki sjálfgefið að fram færi stjórnarkjör.

Að loknum umræðum bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði með handauppréttingum. Tillagan var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

2. Stjórnarkjör

Fundarstjóri sagði fundinn hafa verið undirbúinn með það að leiðarljósi að allar líkur væru á stjórnarkjöri og var því óskað framboða og tilnefningarnefnd kölluð til. Fór fundarstjóri yfir það hverjir hefðu boðið sig fram til setu í stjórn. Vakti hann athygli á því að aðeins hefðu borið framboð frá tveimur konum sem þar með væru sjálfkjörnar.

Þá gaf fundarstjóri frambjóðendum kost á að gera grein fyrir sér. Enginn viðstaddra frambjóðenda óskaði eftir því að taka til máls. Vísuðu þeir til þess sem fram kom í skýrslu tilnefningarnefndar.

Vék fundastjórnar þá að fyrirkomulagi atkvæðagreiðslunnar. Spurt var hvernig færi með það ef atkvæði féllu á jöfnu. Fundastjóri sagði að það yrði leyst þegar þar að kæmi. Atkvæðagreiðsla fór fram til aðal og varastjórnar samhlíða.

Fundarstjóri kynnti niðurstöðu stjórnarkjörs. Rétt kjörin í stjórn voru Jóhann Hjartarson, Jón Skaptason, Páll Gíslason, Petrea Ingileif Guðmundsdóttir og Sesselía Birgisdóttir. Í varastjórn voru kjörin Daði Kristjánsson og Salóme Guðmundsdóttir.

3. Önnur mál löglega upp borin

Fundarstjóri upplýsti að engin önnur mál væru á dagskrá fundarins en bauð fundargestum að taka til máls undir liðnum. Kvaddi enginn sér hljóðs.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og gerði að tillögu sinni að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð. Var tillagan samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki. Var fundi slitið kl. 11.16.

Framangreint staðfestist hér með.

Kristinn Hallgrímsson hrl.
fundarstjóri

Snorri Stefánsson, lögmaður,
fundarritari

Undirritunarsíða

Snorri Stefánsson

Kristinn Hallgrímsson